

Viðbragðsáætlun – viðbrögð við vá

Jarðskjálfti

Ef þú ert innandyr þegar þegar jarðskjálfti byrjar– ekki hlaupa af stað.

- Haltu kyrru fyrir, mörg slys verða þegar hlaupið er af stað
- Farðu undir borð eða rúm og haltu þér í borð- eða rúmfót
- Krjúptu niður í horni við burðarvegg eða hurðaropi við burðarvegg
- Verðu höfuð þitt og andlit
- Haltu þig frá gluggum, þeir geta brotnað
- Láttu vita af þér með SMS þegar jarðskjálftinn hættir



Ef þú er utandyra þegar þú finnur jarðskjálfta – ekki hlaupa inn

- Vertu áfram úti
- Ekki vera nálægt háum byggingum sem geta hrunið eða háum trjám
- Grjóthrun, skriður og snjóflóð geta fallið úr hlíðum og fjalllendi
- Raflínur geta verið hættulegar – varist að snerta þær
- Reyndu að komast á opið svæði þar sem byggingar þrengja ekki að

Viðbrögð við eldingum

Innandyr skal aftengja öll rafmagnstæki og talstöðvar frá straumgjafa og útilofternetum þegar gosmökk leggur yfir byggð. Forðist að vera í nánd við loftlínur, hávaxin tré, staura, þvottasnúrur, rafmagnsvirki, möstur og landbúnaðartæki hvers konar. Varist jafnframt mýrlendi, vötn og læki. Losið ykkur við bakpoka, byssur, veiðistangir, garðyrkjuáhöld og annað það sem leitt getur rafmagn. Forðast skal að nota síma. Munið einnig að aftengja brynningartæki, mjaltakerfi og rafmagnsgirðingar þar sem það á við.

Eldgos

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum og óróa sem greinast á mælum. Viðbragðsáætlanir hafa verið gerðar vegna eldgosa frá Mýrdalsjökli, Eyjafjallajökli og Vatnajökli og tilheyrandi jökulhlaupum.

Viðbrögð við öskufalli

- Komið ykkur stystu leið út úr öskufalli með því að fara þvert á vindátt.
- Byrgið glugga sem snúa að eldstöð meðan gos varir og lokið fyrir reyksháf vegna gjóskufalls.
- Lokið dyrum og gluggum.
- Lokið hurðum og gluggum. Þéttið glugga ef með þarf.
- Setjið rök handklæði fyrir þröskulda og annars staðar til að koma í veg fyrir dragsúg og haldið ykkur sem mest innandyr í öskufalli. Setjið grímu, vasaklút eða fatnað fyrir nef og munn, og augnhlífur fyrir augu ef nauðsynlegt er að vera úti í öskuregni.
- Hlífið viðkvæmum raftækjum t.d. með plasti eða álíka umbúðum og takið ekki utan af þeim fyrr en búið er að hreinsa upp alla ösku í kringum þau.
- Aftengið rör frá þakrennum til að koma í veg fyrir að niðurföll stíflist. Aska og vatn geta þá runnið úr þakrennum og niður á jörð.
- Fólk sem þjáist af langvinnum hjarta- og lungnasjúkdómum haldi sig innandyr og forðast að komast í snertingu við ösku að óþörfu. Utandyr er notkun gríma og gleraugna ráðlögð.
- Ef öskufall er mikið getur komið til þess að leikskóanum sé lokað. Stjórnendur hafa samband við foreldra ef til lokunnar kemur.

Banvænt gas

Haldið ykkur þar sem vindur blæs og farið alls ekki niður í lögðir og djúpar lautir, þar sem gas kann að safnast fyrir. Gasið er banvænt eitur og í flestum tilvikum lyktarlaust og ósýnilegt

Viðbrögð við jökulhlaupum

Eldgosum undir jökli fylgir jafnan jökulhlaup. Dveljið ekki á flatlendi meðan hættu er talin á jökulhlaupi. Leitið á hátt liggjandi staði. Ef svæðið verður umflotið vatni, tilkynnið það til 112 ef hægt er en ef sá möguleiki er ekki fyrir hendi setjið þá upp hvíta veifu til merkis um að aðstoðar sé þörf.

Útvarp – tilkynningar í fjölmiðlum

Hlustið eftir tilkynningum og fréttum í fjölmiðlum og farið eftir þeim fyrirmælum sem kunna að vera gefin. Fylgist vel með veðurfregnum og öskufalls- og gasspám.

Rýmingaráætlun ef Almannavarnir gefa út viðvörun um hættuástand.

Upplýsingar eru á: <https://www.facebook.com/almannavarnir/> og www.almannavarnir.is

Ef ákvörðun um rýmingu verður tekin þá verða foreldrar að sækja börnin í skólann

Hlutverk skólustjórna:

- Koma upplýsingum út í allar stofur samkvæmt upplýsingum frá Almannavörnum.
- Ganga úr skugga um að starfsfólk sé sett við alla innganga skólans til að varna því að börnin hlaupi út.
- Vera í samskiptum við lögreglu og Almannavarnir.

- Ákveða og gefa út tímasetningar hvenær börn eru sótt. senda sms í gegnum Karellen og hringja í þá sem ekki svara þeim skilaboðum.
- Fylgjast með rýmingarferlinu og aðstoða eftir föngum bæði foreldra og starfsfólk.
- Taka við þeim börnum sem ekki hafa verið sótt og senda annað starfsfólk heim.
- Fara síðust úr húsi og gengur úr skugga um að allir séu farnir út, gluggar og hurðir lokaðar, útidyr læstar.
- Veita upplýsingar til lögreglu og Almanna- og Almannavarna um rýmingu skólahúsnæðis.

Hlutverk starfsfólks:

- Deildarstjóri tekur manntal miðað við nafnalista. Nafnalistar fyrir hverja deild er að finna í rýmum viðkomandi deildar og hangir á vegg við hurðina.
- Deildarstjóri bíður með börnum inni á deild þar til foreldri eða staðgengill sækir barnið.
- Deildarstjóri merkir við á nafnalista þegar búið er að sækja barn. Börn eru ekki látin í hendur annarra en eru á aðstandendalista í Karellen eða til staðgengla foreldra sem þeir hafa gefið upp fyrirfram til deildarstjóra og eru skráðir í Karellen í neyðarupplýsingareitnum.
- Gæta þarf þess að ekkert barn fari út af deildinni nema í fylgd starfsmanns.
- Þegar öll börn hafa verið sótt yfirgefur deildarstjóri deildina síðastur og passar að loka gluggum og loka hurðum (ekki læsa).
- Þegar búið er sækja flest börnin verður þeim sem eftir verða safnað á eina deild/stofu undir stjórn stjórnanda. Deildarstjóri afhendir nafna- og aðstandendalista. Þegar búið er að skila þeim sem eftir verða í safnstofuna þá getur viðkomandi deildarstjóri/starfsmaður farið heim. Deildarstjórar sjá um vaktina á sínum deildum.
- Annað starfsfólk hjálpar til á þeim stað sem það er að vinna á, ef til rýmingar kemur.

Foreldrar:

- Foreldrar/staðgenglar þurfa að sækja börnin í leikskólann.
- Starfsmaður verður í skólanum þar til búið er að sækja öll börn eða koma þeim í öruggt skjól í samvinnu við lögreglu eða björgunarsveit.
- Foreldrar verða að gera ráð fyrir miklu umferðarálagi í sveitarfélaginu og þá sérstaklega við skólann komi til rýmingar á skólatíma. Benda má foreldrum á að jafnvel getur verið fljótlegt að koma fótgangandi.

Þau börn sem eru ekki sótt verða ferjaðir í fjöldahjálparstöð á vegum sveitarfélagsins og bíða þar í umsjá björgunarsveita þar til foreldrar geta sótt barn sitt.

Ef hættu stafar af húsnæðinu þá þarf að rýma það eins fljótt og auðið er og tekur rýmingaráætlun leikskólans við:

Vefur Almanna- og Almannavarna <https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalfatar/vidbrogd-vid-jardskjalfata/> og <https://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd/>